

**HEILBRIGÐISNEFND
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
210. fundur –30. mars 2016**

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, miðvikudaginn 30. mars 2016. Fundarstaður, skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 16.30. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 209. fundar frá 7. febrúar 2016 lögð fram.

1 Fundargerð 185. starfsmannafundar frá 23. mars 2016

1.1. Starfsleyfi

Garðabær

1.1.1 Ljósakur 12 Garðabær – gisting

Lögð fram umsókn Ragnars Markússonar, f.h. Netsamband ehf., kt. 590900-3540, dags. 2.03.2016, þar sem sótt er um leyfi fyrir gistingu í íbúð að Ljósakri 12, Garðabæ. Húshluti: 1. hæð, sérþýli. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

1.1.2 Skólabraut 6, Garðabær – framhaldsskóli

Lögð fram umsókn Kristins Þorsteinssonar, f.h. Fjölbrautaskóla Garðabæjar, kt. 581286-1639, dags. 1.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs framhaldsskóla að Skólabraut 6, Garðabæ. Húshluti: Allt húsið. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.3 Suðurhraun 3, Garðabær – geymslusvæði

Lögð fram umsókn Gísla Jónssonar, f.h. G.J. bílahús ehf., kt. 700109-0380, dags. 16.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílageymslu og reksturs verkstæðis að Suðurhrauni 3, Garðabæ. Nýr rekstraraðili. Yfirtaka starfsleyfis. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt endurútgáfa starfsleyfis til 20.01.2020.

1.1.4 Vífilsstaðavegur, Garðabær – veitingasala

Lögð fram umsókn Agnars Márs Jónssonar f.h. Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar kt. 650394-2080 dags. 30.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastofu og samkomusalar til útleigu í íþróttamiðstöð hjá Golfklúbbi GKG, Garðabæ. Húshluti: 0201. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Hafnarfjörður

1.1.5 Bæjarhraun 24, Hafnarfjörður – gistiheimili

Lögð fram umsókn Sigurðar Gunnarssonar, f.h. Hraunborga ehf., kt. 441214-0810, dags. 7.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis án veitingasölu að Bæjarhrauni 24, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Neikvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 8.03.2016 þar sem starfsemin er ekki í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 6 mánaða þar sem starfsemin er ekki í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.1.6 Bæjarhraun 24, Hafnarfjörður – framleiðsla á dýrafóður

Lögð fram umsókn Daníels V. Elíassonar, f.h. Hundahreysti ehf., kt. 471108-1030, dags. 10.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á gæludýrafóðri að Bæjarhrauni 24, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.7 Dalshraun 11, Hafnarfjörður – naglasnyrtiskóli

Lögð fram umsókn Sigríðar Guðmundsdóttur, f.h. Perfect neglur ehf., kt. 481215-2690, dags. 7.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs naglasnyrtiskóla að Dalshrauni 11, Hafnarfirði. Eigendaskipti. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.8 Eyrartröð 4, Hafnarfjörður – málmsmíði

Lögð fram umsókn Elliða Hreinssonar, f.h. Curo ehf., kt. 620704-2370 dags. 18.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á fiskvinnsluvélum og til almennrar málmsmíði að Eyrartröð 4, ásamt starfstöð að Eyrartröð 14, Hafnarfirði. Nýr rekstraraðili. Endurútgáfa starfsleyfis Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt endurútgáfa starfsleyfi til 2.03.2026.

1.1.9 Fjarðargata 19, Hafnarfjörður – veitingastaður

Lögð fram umsókn Dóru Hue Ottósdóttur, f.h. NB 88 ehf., kt. 480914-0230, dags. 7.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Fjarðargötu 19, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0105. Ný starfsemi. Umsókn fylgdu teikningar samþykktar af byggingarfulltrúa 3. febrúar 2016. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.10 Fornubúðir 3, Hafnarfjörður – fiskvinnsla

Lögð fram umsókn Rostyslav Tkachuk, f.h. IC CORE ehf., kt. 420715-1610, dags. 11.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til fiskvinnsla að Fornubúðum 3, Hafnarfirði. Húshluti: 01(0105 og 0107). Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.11 Haukahraun 1, Hafnarfjörður – íþróttahús

Lögð fram umsókn Ragnheiðar Hjaltalín f.h. Fimleikafélagsins Bjarkar., kt. 550110-1130, dags. 8.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs íþróttahúss að Haukahrauni 1, Hafnarfirði. Nýr rekstraraðili. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.12 Hjallabraut 55, Hafnarfjörður – leikskóli

Lögð fram umsókn Ingibjargar Stefánsdóttur, f.h. Hjallastefnunnar ehf., kt. 540599-2039, dags. 29.02.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Hjallabraut 55, Hafnarfirði. Húshluti:01 0101. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.13 Hringbraut 77, Hafnarfjörður – sundlaug

Lögð fram umsókn Aðalsteins Hrafnkelssonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar/ Suðurbæjarlaugar., kt. 590169-7579, dags. 2.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sundlaugar að Hringbraut 77, Hafnarfirði. Húshluti: Allt húsið. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.14 Hvaleyrarbraut 33, Hafnarfjörður – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Porkels Traustasonar, f.h. Matar og pökkunar ehf., kt. 560216-3000, dags. 8.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á poppkorni að Hvaleyrarbraut 33, Hafnarfirði. Húshluti: 02 01. Ný starfsemi. Neikvætt svar frá byggingarfulltrúa dags 15.03.2016, húsið skráð fohkelt. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt bráðabirgðastarfsleyfi til 6 mánaða með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og úrbótum lokið á þeim tíma.

1.1.15 Krísuvíkurvegur, Hafnarfjörður – akstursípróttasvæði

Lögð fram umsókn Gunnars Bjarnasonar, f.h. Akstursípróttafélags Hafnarfjarðar., kt. 611002-2030, dags. 2.03.2016, þar sem sótt er um leyfi fyrir reksturs akstursípróttasvæðis við Krísuvíkurveg, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.16 Linnetsstígur 2, Hafnarfjörður – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Berglindar Sveinu Gísladóttur f.h. Snyrtistofunnar Fegurðar ehf., kt. 560205-1040, dags. 11.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrti og nuddstofu að Linnetsstíg 2, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.17 Norðurbraut 19, Hafnarfjörður – gisting

Lögð fram umsókn Ásrúnar Á. Jónsdóttur, kt. 091286-3439, dags. 11.03.2016, þar sem sótt er um leyfi fyrir gistingu í íbúð á jarðhæð að Norðurbraut 19, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára.

1.1.18 Staðarhvamur 23, Hafnarfjörður – leikskóli

Lögð fram umsókn Ástu Maríu Björnsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar/Leikskólinn Hvammur, kt. 590169-7579, dags. 7.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Staðarhvammi 23, Hafnarfirði. Húshluti: Allt húsið. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.19 Steinhella 10, Hafnarfjörður – gagnaver

Lögð fram umsókn Eyjólf Magnúsar Kristinssonar, f.h. Advania Data Center ehf., kt. 571115-0690, dags. 4.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gagnavers að Steinhellu 10, Hafnarfirði.

Húshluti: Allt húsið. Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

Kópavogur

1.1.20 Akralind 9, Kópavogur – bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Atla Ólafssonar, f.h. Bifreiðaverkstæðisins Stimpills ehf., kt. 420502-2060, dags. 3.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis að Akralind 9, Kópavogi.

Húshluti: 01 0202. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.21 Bakkabraut 6, Kópavogur – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Eyþórs Þórarinssonar, f.h. Ísmannsins slf., kt. 700113-0190, dags. 10.3.2016, þar sem sótt er um leyfi til ísmolagerðar og framleiðslu á frostpinnum að Bakkabraut 6, Kópavogi.

Húshluti: hluti 01 0107. Ný rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 4 ára með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar.

1.1.22 Hlíðasmára 4, Kópavogur – snyrtistofa

Lögð fram umsókn Ingibjargar Sigurðardóttur, f.h. Thea ehf., (Bonita snyrtistofa), kt. 631006-4420, dags. 4.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Hlíðasmára 4, Kópavogi.

Húshluti: 101, 102. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára með fyrirvara um samþykka notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.23 Hlíðasmára 17, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Birgis Péturssonar, f.h. Tannlæknastofu Kópavogs slf., kt. 4440313-0350, dags. 3.03.2016, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hlíðasmára 17, Kópavogi. Húshluti: 02 0401. Nýr rekstraraðili.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.24 Skemmuvegur 4, Kópavogur – límmiðaprentun

Lögð fram umsókn Birgis Más Georgssonar, f.h. Miðaprent ehf., kt. 631209-1140, dags. 7.03.2016, þar sem sótt er um leyfi reksturs prentsmiðju að Skemmuvegi 4, Kópavogi.

Húshluti: 01 0106. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.2 Umsagnir

Garðabær

1.3.1 Ljósakur 12, Garðabær – gisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.03.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Netsambands ehf., kt. 590900-3540, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gistingu í íbúð samkvæmt flokki I við Ljósakur 12, Garðabæ.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 30. mars 2016 starfsleyfi fyrir gistingu í íbúð að Ljósakri 12, Garðabæ, skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemiinni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæðri umsögn veitt fyrir gististað í íbúð.“

1.3.2 Vífilstaðavegur, Garðabær – veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 3.03.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigurðar Eggerts Ingasonar ehf., kt. 241261-3799, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu og samkvæmt flokki III hjá Golfklúbbi GKG, við Vífilstaðaveg, Garðabæ.

Umsókn um starfsleyfi barst frá nýjum rekstraraðila Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar í dag.

Samþykkt að veita jákvæð umsögn að lokinni úttekt.

Hafnarfjörður

1.3.3 Bæjarhraun 4, Hafnarfjörður – veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 17.03.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Noodle Station ehf., kt. 550211-1300, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús samkvæmt flokki I við Bæjarhraun 4, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 26.11.2012 starfsleyfi fyrir veitingastofu við Bæjarhraun 4, Hafnarfirði, skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemiinni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæðri umsögn veitt fyrir veitingastofu.“

1.3.4 Dalshraun 11, Hafnarfjörður – veitingastofa, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 22.03.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn SÍ hf (Serrano), kt. 411002-2840, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastofu samkvæmt flokki II við Dalshraun 11, Hafnarfirði.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 27.08.2007 starfsleyfi fyrir veitingastofu við Dalshraun 11, Hafnarfirði, skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirbyggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemiinni valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæðri umsögn veitt fyrir veitingastofu.“

1.3.5 Fjarðargata 19, Hafnarfjörður – veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 23.07.2015, þar sem óskað er umsagnar á umsókn NB 88 ehf., kt. 480914-0230, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús samkvæmt flokki II við Fjarðargötu 19, Hafnarfirði.
Jákvæð umsögn staðfest.

Kópavogur

1.3.6 Bjarnhólastígur 12, Kópavogur – heimagisting, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.03.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Helgu Guðmundsdóttur, kt. 200767-5519, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir heimagistingu samkvæmt flokki I að Bjarnhólastíg 12, Kópavogi. Breyting á fyrri umsókn frá 2.3.2016, nýjar teikningar og fækkun gesta.
Samþykkt að veita jákvæð umsögn.

1.3.7 Hlíðasmári 8, Kópavogur – veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 14.03.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Austurlandahraðlestarinnar ehf., kt. 520503-3230, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús samkvæmt flokki II við Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 25.09.2006 starfsleyfi fyrir veitingastofu við Hlíðasmára 8, Kópavogi, skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki II, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæðri umsögn veitt fyrir veitingahús.”

1.3.8 Nýbýlavegur 32, Kópavogur – veitingahús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.03.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn His heitar íslenskar samlokur ehf., kt. 450204-2180, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingahús samkvæmt flokki I við Nýbýlaveg 32, Kópavogi.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

“Heilbrigðisnefnd samþykkti þann 30.06.2015 starfsleyfi fyrir veitingahús við Nýbýlaveg 32, Kópavogi, skv. ákvæðum matvæla- og hollustuháttareglugerða. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi í flokki I, samkvæmt reglugerð nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemi valdi ónæði í nágrenninu. Jákvæðri umsögn veitt fyrir veitingahús.”

1.3.9 Skálaheiði 2, Kópavogur – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.03.2016, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Menntaskólans í Kópavogi, kt. 470576-2199, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir samkomu sem halda á í íþróttahúsinu Digranesi, þann 13. apríl 2016 frá kl. 22.00 – 02.00. Fyrir allt að 800 manns.

Samþykkt að veita jákvæð umsögn..

1.4 Annað

1.4.1 Dalvegur 18. Kópavogur, málningarverksmiðja, starfsleyfi til kynningar

Lagt fram erindi Umhverfisstofnunar dags. 11. mars 2016 um kynningu á starfsleyfi Málningar hf. að Dalvegi 18, Kópavogi.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Athugasemd er gerð varðandi ákvæði um varnir gegn mengun ytra umhverfis. Að mati nefndarinnar eru ófullnægjandi eða óljósra ákvæða um hreinsun mengunarefna úr fráveituvatni og förgun.“

1.4.2 Straumsvík Hafnarfjörður, staðsetning flæðigrýfja

Lagt fram til kynningar afrit af erindi Ríó Tino Alcan á Íslandi hf. til Umhverfisstofnunar dags. 4. mars 2016 varðandi fyrirhugaða stækkun flæðigrýfja í námunda við eldri flæðigrýfjur.

2 Loftgæðavöktun

Fjórar stöðvar mæla loftgæði á starfssvæði Heilbrigðisnefndar. Tvær stöðvar eru í Kópavogi. Á ábyrgð sveitarfélagsins er mælistöð við Dalsmára og Orkuveita Reykjavíkur (Orka Náttúrunnar) rekur stöð í Lækjarbotnum. Í Hafnarfirði eru einnig tvær mælistöðvar. Á ábyrgð sveitarfélagsins er mælistöð við

Norðurhelli og Rió Tinto Alcan rekur mælistöð á Hvaleyrarholti í samvinnu við Umhverfisstofnun og Hafnarfjarðarbæ. Auk þess stendur RioTinto Alcan á Íslandi hf. fyrir reglubundnum flúormælingum í gróðri.

2.1 Kópavogur, Dalsmári

Lögð fram skýrsla heilbrigðiseftirlits dags. 30. mars 2016 um loftgæðavöktun við Dalsmára í Kópavogi árið 2015. Í stöðinni við Dalsmára fara fram mælingar á styrk svífryks í andrúmslofti, brennisteinsvetnis, brennisteinsdíoxíðs og köfnunarefnisoxíða.

- Svífryk. Á árinu 2016 komu dagar þar sem töluverð rykmengun mældist. Í skýrslunni er það rakið að stórum hluta til afleiðinga eldgosa í Eyjafjalajökli og í Holuhrauni ásamt áhrifa frá flugeldum um áramót.
- Brennisteinsvetni. Mælingar sýna álag frá Hellsheiða- og Nesjavallavirkjunum en undir viðmiðunum.
- Brennisteinsdíoxíð. Styrkurinn mælist lægstur frá febrúar og fram í september en fór þá nokkuð hækkandi. Hæstur var styrkurinn í janúar en þá gætti enn áhrifa frá gosinu í Holuhrauni.
- Köfnunarefnisoxíð. Uppruni köfnunarefnisoxíða við Dalsmára má fyrst og fremst rekja til umferð díesel-drifinna bifreiða. Styrkur þeirra er lægstur frá maí og fram í ágúst en eykst í nóvember og desember.

Mælistöðin er í námunda við umferðargötur. Áhrif umferðar er greinileg sem kemur fram í árstíðarbundnum sveiflum og í dægursveiflum á styrk köfnunarefnisoxíða. Mælingar á svífryki benda í sömu átt og hugsanlega einnig styrkur brennisteinsdíoxíðs. Staðhættir og samgönguminnstur höfuðborgarsvæðisins ráða þar mestu.

2.2 Hafnarfjörður, Norðurhella

Lögð fram skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar, efnagreininga, frá mars 2016, um umhverfissvöktun við Norðurhelli desember 2014 til nóvember 2015. Mælistöðin á Norðurhelli er eina stöðin á höfuðborgarsvæðinu sem safnar ryksýnum sem síðan er hægt að nýta til þungmálamælinga. Til stendur að efla þá stöð verulega. Hefur Hafnarfjarðarbær nýverið fest kaup á nýjum búnaði til símælinga á ryki (PM10 og PM2,5), brennisteinsvetni og brennisteinsdíoxíði auk köfnunarefnisoxíða. Þá verður í stöðinni hliðstæð veðurstöð og í stöðinni í Dalsmára í Kópavogi.

Upplýsingar úr mælingum á ólífrænum snefilefnum við Norðurhelli benda til að styrkur þeirra sé almennt lágur og vel undir viðmiðunarmörkum um andrúmsloft á Íslandi þegar slík mörk eru fyrir hendi (As, Cd, Ni, Pb) og ekki ósambærilegur og á lítt menguðum stöðum sem hægt er að taka til samanburðar.

2.3 Hafnarfjörður, umhverfissvöktun Straumsvík

Lagt fram erindi Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. frá 23. mars 2016 um vöktunarmælingar 2015

2.3.1 Hvaleyrarholt, loftgæðamælingar

Skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar „umhverfissvöktun Hvaleyrarholti“ mæligögn 2015 lögð fram.

- Svífryk. Ryk árið 2015 var með lægra móti enda árið nokkuð úrkomusamt. Mánuðir háir í ryki voru júní og september; júní vegna þess að þá var tiltölulega þurr en í september mældust tveir afar háir PM10 svífrykstoppar þ. 11. og 12.9. í suðaustlægun áttum.
- Brennisteinsvetni. Ársmeðaltal loftkennds brennisteinsvetnis (H2S) á mælistöðinni er 1,7 µg H2S/m3, sem er vel undir ársheilsuverndarmörkum (5 µg H2S/m3). Meðaltalið er töluvert lægra en árin á undan og hefur ekki mælst jafnlágt frá því að byrjað var að mæla brennisteinsvetni á Hvaleyrarholti. Líklega skýrist það af því að algengi austanáttar var í heild heldur minna árið 2015 en árin á undan.
- Brennisteinsdíoxíð. Ársmeðaltal brennisteinsdíoxíðs (SO2) á mælistöðinni er 1,8 µg SO2/m3, sem telst í hærra lagi, þó það sé miklu lægra en árið áður, þegar brennisteinsmengunar frá gosinu í Holuhrauni gætti mjög. Meðaltalið 1,8 µg fæst ef áhrifa frá gosinu í Holuhrauni í ársbyrjun er frá talið.
- Köfnunarefnisoxíð. Nituroxíð lækkuðu á árinu 2015 eftir að hafa farið hækkandi nokkur ár í röð. Líkleg skýring að austanátt var sjaldnar en árin á undan. Stórar uppsprettur nituroxíða virðist vera í norðaustri og í suðaustri. Af þeim mengunarefnum sem eru mæld á Hvaleyrarholti eru nituroxíð þau sem sýna mestan breytileika eftir tíma dags. Meðalstyrkur þeirra rís hratt á morgnana og nær hámarki um 8-9 leytið. Það er því líklegt að meginuppspretta NOX sé bílaumferð í nærumhverfi og frá umferð á höfuðborgarsvæðinu úr norðaustri“.
- Flúor. Meðaltöl ársins voru um 0,02 µg/m3 bæði fyrir gaskenndan og rykkenndan flúor á mælistöðinni á Hvaleyrarholti og því reiknast flúor alls 0,04 µg/m3 á tímabilinu. Hæsti einstaki dagur mældist 0,20 µg F/m3 alls í suðvestanátt. Engin veðurstöð er við mælistöðina á Hvaleyrarholti. Túlkun byggist á gögnum veðurstöðvar á hafnarsvæðinu í Straumsvík

2.3.2 Strausmvík og nágrenni, gróðursýni

Lögð fram skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands „Flúormælingar í gróðri í umhverfi Ísal – RióTinto Alcan á Íslandi“ 2015.

Niðurstöður ársins 2015 eru sambærileg við síðasta ár fyrir gras og barrsýni. Mælingar árið 2015 í grassýnum eru í meðallagi og barrsýnum í hærra meðallagi ef miðað er við tímabilið frá árinu 1992. Mæligildi utan þynningarsvæðis eru öll undir 30 ppm og vel undir þolmörkum gróðurs og grasbíta.

Styrkur flúors í laufsýnum hækkar miðað við mörg undanfarin ár og er það hæsta frá árinu 1988. Meðalstyrkur í laufi á svæðum 1-3 mælist 11 ppm árið 2015, en meðaltalið frá árinu 1992 er 5 ppm. Hækkun á styrk flúors í laufsýnum er meiri en svarar til eðlilegs breytileika á milli ára á tímabilinu 1992-2014. Vorsýni og meðalgildi á Garðaholti eru yfir 30 ppm, þ.e. við þolmörkum viðkvæms gróðurs, en önnur sýni vel undir.

3 Ársskýrsla 2015

Lögð fram ársskýrsla 2015 og gerði framkvæmdastjóri gerði grein fyrir helstu atriðum ársskýrslunnar.

4 Ársreikningur 2015

Lagður fram endurskoðaður ársreikningur fyrir árið 2015. Framkvæmdastjóri fór yfir reikninginn og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum.

Heilbrigðisnefnd samþykkti reikninginn með áritun sinni á fundinum.

5 Nýir kjarasamningar

Lagður fram tölvupóstur Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 23. mars 2016 um nýja kjarasamninga um nýja kjarasamninga við félög Bandalags háskólanna. Samningarnir voru undirritaðir 21. mars s.l. Nú fara í hönd kynningar á kjarasamningunum og atkvæðagreiðsla um þá. Niðurstaða atkvæðagreiðslu mun liggja fyrir 5. apríl 2016.

6 Starfslýsingar og verkferlar

Farið yfir vinnufyrirkomulag, starfslýsingar og verkferla. Fyrirliggja endurskoðaðar starfslýsingar fyrir skrifstofustjóra, deildarstjóra og sérfræðinga. Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að vinna að bættu verklagi fyrir eftirfylgni og beitingu þvingunarúrræða.

7 Matsskylda

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar frá 8. mars 2016 þar sem óskað er umsagnar um matsskyldu framkvæmda í vestur hluta Urriðaholts, Kaupún.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:

„Heilbrigðisnefnd hefur fjallað um breytingu á deiliskipulagi á vesturhluta Urriðaholts og áformaðar framkvæmir þar og telur að ekki séu forsendur fyrir því að vísa þeim í umhverfismat.“

8 Lagafrumvarp

Atvinnuveganefnd Alþingis óskar umsagnar um frumvarp til laga um matvæli, slátrun og eftirlit með fóðri (eftirlit, verkaskipting, EES-reglur), 545. mál.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/145/s/0871.html>

9 Heilbrigðissamþykktir

Lagðar fram tillögur að heilbrigðissamþykktum fyrir hænsnahald.

1.2. Samþykkt um hænsnahald í Kópavogi

Framlögð tillaga fyrir heilbrigðissamþykkt um hænsnahald í Kópavogi hefur verið unnin í samráði við umhverfisvið Kópavogsbæjar.

Heilbrigðisnefnd leggur til við Bæjarstjórn Kópavogs að tillagan verði afgreitt sem heilbrigðissamþykkt með vísun til ákvæða 25. gr. laga nr. 7/1998 umhollustuhætti og mengunarvarnir.

1.3. Samþykkt um hænsnahald í Garðabæ

Framlögð tillaga fyrir heilbrigðissamþykkt um hænsnahald í Garðabæ hefur verið unnin í samráði við umhverfisstjóra Garðabæ.

Heilbrigðisnefnd leggur til við Bæjarstjórn Garðabæjar að tillagan verði afgreitt sem heilbrigðissamþykkt með vísun til ákvæða 25. gr. laga nr. 7/1998 umhollustuhætti og mengunarvarnir.

10 Önnur mál

1.4. Vorfundur 2. og 3. maí n.k. Umhverfistofnunar og Matvælstofnunar

Umhverfistofnun og Matvælastofnun boða til fundar með framkvæmdastjórum eftirlitssvæðanna og fulltrúm ráðuneyta þann 2. og 3. maí n.k. í Mývatnssveit.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:25

Hörður Svavarsson

Svava H. Guðmundsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gnýr Guðmundsson

Fjölfnir Sæmundsson

Jón Haukur Ingvason